

Fundargerð

3. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.
6. mars 2020 kl. 12:30 í Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1, Reyðarfjörður

Mætt:

Stefán Gíslason (SG) formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Gauti Jóhannesson (GJ), Jón Þórðarson (JP), Skarphéðinn Smári Þórhallsson (SSP), Hreinn Hrafnkelsson, Ásta Einarsdóttir (ÁE) og Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Tinna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundurinn var haldinn í framhaldi af fundi svæðisráðs með samráðshópi.

Dagskrá fundar:

1. Umræður um drög að lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og afgreiðsla lýsingar.

Farið yfir drög að lýsingu.

Rætt var um skipulagssvæðið. EAÁ benti á að svæðið sé skilgreint í lögnum. Bent var á að gagnlegt væri að fá skýringar á afmörkun svæðisins og á hverju hún byggir.

Rætt var um forsendugreiningu fyrir gerð strandsvæðisskipulagsins. Fram kom að skipting hafsvæða og fjarða í eldissvæði sé á forræði Hafrannsóknarstofnunar skv. 4. gr. a í fiskeldislögum. Svæðisráð gegnir mikilvægu hlutverki sem umsagnaraðili í því ferli. ÁÞ nefndi að sú vinna sem framundan er í svæðisráðinu sé mikilvæg fyrir skiptingu svæða hjá Hafrannsóknarstofnun og innlegg í þeirri vinnu. EAÁ ítrekaði mikilvægi samtals milli Skipulagsstofnunar, svæðisráðs og Hafrannsóknarstofnunar í þessari vinnu.

SG ítrekaði það sem áður hefur komið fram að helstu áskoranirnar í ferlinu séu hversu stutt þekkingin er á veg komin.

Rætt var um töflu yfir efnisþætti sem safna á upplýsingum um í forsendugreiningu fyrir verkefnið. ÁE kom á framfæri mikilvægi þess að hlutverk Hafrannsóknarstofnunar í skiptingu eldissvæða sé skýrt og að sú skipting verði tiltekin í forsendugreiningu. Fram kom að fjalla þyrfti um sjávarplöntur og orkuvinnslu í skipulaginu, svo og að þörf væri á að fjalla um eðlisþætti sjávar. Í því sambandi nefndi JP blöndun á ferskvatni og sjó, lagskiptingu sjávar o.fl. SG nefndi að þeir efnisþættir sem kortlagðir verða séu bein eða óbein afleiðing þessara eðliseiginleika sjávar.

Rætt var um aðra aðila sem tilgreindir eru í lýsingu og í því sambandi fram kom að þar megi bæta við Æðarræktarfélagi Íslands og Samorku.

Varðandi stefnu stjórnvalda var rætt um hvaða áhrif aðalskipulag Fljótsdalshéraðs hefði á skipulagið þ.e. hvort sú stefna þyrfti að vera tilgreind undir „Svæðisbundnar áætlanir“.

Svæðisráð samþykkti lýsingu með fyrirvara um að ábendingar og athugasemdir sem fram komu á fundinum séu hafðar til hliðsjónar.

2. Kynning á samráði um lýsingu

EAÁ kynnti upplegg Skipulagsstofnunar fyrir kynningar- og samráðsfundi um lýsingu ásamt því að kynna samráðsvefsjá og markmið hennar. Þá var farið yfir miðlun funda og úrvinnslu samráðs um lýsingu og miðlun þess.

Rætt var um tímasetningu kynningar- og samráðsfunda og birtingu lýsingar. Lagt var upp með að tímasetning kynningar- og samráðsfunda verði á Reyðarfirði 20. apríl og í Reykjavík 21. apríl. Fram kom að stefnt sé að því að birta lýsingu á vef Skipulagsstofnunar 7. apríl og í kjölfarið að auglýsa á vefjum sveitarfélaga. Formleg auglýsing mun birtast 11. apríl.

Lögð var til breyting á tímasetningu kynningar- og samráðsfunda þannig að fundur yrði haldinn síðar að degi þ.e. helst frá 17:00 til 19:00. Auk þess var lagt til að gögn verði gerð aðgengileg á skrifstofum hlutaðeigandi sveitarfélaganna, bæði fyrir fyrir þá sem ekki geta nýtt sér samráðsvefsjá og þá sem ekki eiga þess kost að sitja kynningarfundinn.

Stefnt er að því að auglýsa lýsinguna í Fréttablaðinu, Dagskránni, heimasíðum sveitarfélaganna og heimasíðu Austurbrúar.

3. Næsti fundur

Skipulagsstofnun leggur til að næsti fundur svæðisráðs verði í lok maí þar sem fjallað verður um drög að viðbrögðum við ábendingum og athugasemdum sem bárust á kynningatíma lýsingar, ásamt því að farið verður yfir nánari áætlun um skipulagsferlið sem framundan er.

4. Önnur mál

Engin önnur mál koma fram.

Jón Björn Hákonarson sat yfirlestur fundargerðar og fund með samráðshópi.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið .

Undirritun fundargerðar



Jón Björn Hákonarson



Gauti Jóhannesson

Jón Þórðarson



Skarphéðinn Smári Þórhallsson



Stefán Gíslason



Hreinn Hrafnkelsson



Ásta Einarsdóttir



Ásta Þorleifsdóttir